

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar, hefur verið ákveðið bann við lagningu bifreiða á Faxabraut við lóð Sements-verksmiðju ríkisins. Bannið nær 50 metra í hvora átt, og tekur gildi frá og með 17. júlí 1989.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 28. júní 1989.

Jón Vilberg Guðjónsson, ftr.

5. júlí 1989

Nr. 358

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu M. Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu M. Pálsdóttur. Sjóðurinn er til minningar um Helgu M. Pálsdóttur, kt. 130800-4679, og er stofnaður skv. ákvæði í arfleðsluskrá hennar dags. 25. ágúst 1987.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000,00, sem er eigið framlag Helgu. Til sjóðsins renna síðar þær bankainnistæður Helgu, sem eftir standa, þegar fógeti hefur gert upp dánarbú hennar skv. erfðaskrá. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, og skal hann ávaxtaður á hagkvæmasta tryggilegan hátt á hverjum tíma.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja ungar námskonur til framhaldsnáms. Styrki má veita úr sjóðnum árlega, þegar ársvextir af honum nema kr. 50 000,00 eða meira.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Formaður er Arngrímur Sigurðsson, kt. 110233-7799, Keilufelli 2, 111 Reykjavík, og ber hann nú ábyrgð á fjárvörslu. Hann tilnefnir með sér tvo meðstjórnendur, sem nú eru:

Elísabet Sveinbjörnsdóttir, kt. 201246-2969, Hraunbergi 21, Reykjavík og Helga Björnsdóttir, kt. 021147-2149, Álfaskeiði 72, 220 Hafnarfirði.

5. gr.

Að Arngrími Sigurðssyni frágengnum skipar það ráðuneyti, sem fer með forsjá sjóðsins, menn í stjórn hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júlí 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.